

LÖG
um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga,
nr. 97/2002 (sérhæfð þekking).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að birta í reglugerð lista yfir þau störf sem krefjast sérhæfðrar þekkingar sem tímabundinn skortur er á hér á landi. Ráðherra skal að minnsta kosti á tólf mánaða fresti óska eftir tillögum að breytingum á framangreindri reglugerð frá hlutaðeigandi stofnunum og hagsmunasamtökum. Vinnumálastofnun er heimilt að veita tímabundið atvinnuleyfi vegna starfs sem krefst sérhæfðrar þekkingar sem tímabundinn skortur er á hér á landi og birt hefur verið í reglugerð, sbr. 1. másl. Vinnumálastofnun óskar staðfestingar á sérhæfðri þekkingu viðkomandi útlendingis í samræmi við íslenskar reglur telji stofnunin slíkt nauðsynlegt. Að öðru leyti gildir ákvæði 1. mgr.

b. Á eftir orðunum „krefst háskólamenntunar“ í 3. mgr. kemur: eða starfs sem krefst sérhæfðrar þekkingar, sbr. 3. mgr.

c. Á eftir 2. másl. 5. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Hafi leyfið verið veitt á grundvelli 3. mgr. er heimilt að framlengja það um allt að tvö ár þrátt fyrir að það starf sem um ræðir hafi verið fellt brott af lista yfir störf sem falla undir 3. mgr. samkvæmt gildandi reglugerð hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. apríl 2023.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Svandís Svavarsdóttir.